1. grein
Heilsu-, íþrótta- og tómstundanefnd gengst ár hvert fyrir útnefningu á íþróttamanni og íþróttakonu ársins í Rangárþingi ytra.

2. grein
Heilsu-, íþrótta- og tómstundanefnd sér um undirbúning að vali á íþróttamanni og íþróttakonu ársins. Tilnefningar skulu koma frá öllum íþrótta- og ungmennafélögum í Rangárþingi ytra og einnig frá öðrum félögum innan vébanda ÍSÍ í sveitarfélaginu. Heilsu-, íþrótta- og tómstundanefnd mun auglýsa eftir tilnefningum frá íþrótta- og tómstundafélögum í sveitarfélaginu, en einnig skal almenningi gefinn kostur á að tilnefna íþróttamann og íþróttakonu ársins.
Með tilnefningu skal fylgja greinargerð um árangur og rökstuðningur fyrir tilnefningu viðkomandi. Skilyrði er að viðkomandi eigi lögheimili í Rangárþingi ytra og sé a.m.k. 16 ára á árinu. Gerð er krafa til þess að íþróttamaðurinn sé góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

Skila þarf tilnefningum inn fyrir 1. desember ár hvert. Einnig má tilnefna aðila fyrir framúrskarandi störf í þágu íþrótta- og tómstundamála í sveitarfélaginu.

Íþrótta- og fjölmenningafulltrúi sveitarfélagsins kallar eftir tilnefningum frá félögum og almenningi. Einnig má tilnefna aðila sem hefur unnið framúrskarandi vel að íþrótta- og tómstundamálum í sveitarfélaginu.

3. grein
Í janúar mánuði ár hvert er þeim einstaklingum, sem valinn eru íþróttamaður og íþróttakona ársins í Rangárþingi ytra fyrir liðið ár, afhent viðurkenning í samræmi við reglugerð þessa.
Á viðurkenninguna skal ritað nafn hins útnefnda íþróttamanns, viðeigandi ártal og skal verðlaunagripurinn vera í vörslu hans það ár sem hann hefur verið valinn. Íþróttamanni ársins er jafnframt veitt viðurkenning til eignar.

4. grein
Faglegt mat á útnefningu og framkvæmd verðlaunaafhendingar skal vera í höndum heilsu-, íþrótta- og tómstundanefndar.

5. grein
Viðurkenning skal einnig veitt fyrir framúrskarandi árangur eins og t.d. landsliðssæti, Íslandsmeistara- alþjóðlegan titil.

6. grein
Afhending viðurkenninganna skal fara fram með þeirri viðhöfn sem sveitarstjórn í samráði við Heilsu-, íþrótta- og tómstundanefnd ákveður hverju sinni.

7. grein
Reglugerð þessi tekur gildi við samþykkt sveitarstjórnar og skal hún endurskoðuð ár hvert.

Hella 29. september 2025.